

131
20. des.

FORSETA BRÉF
um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 67. löggjafarþings, frá 20. desember 1947, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 20. janúar 1948.

Ritað í Reykjavík, 20. desember 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

132
24. des.

AUGLÝSING
um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgíu.

Með erindum sendiráða Íslands og Belgíu í París, dags. 20. nóvember og 5. desember 1947, hefur náðst samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara Íslands, sem ferðast vilja til Belgíu, og gagnkvæmt, enda sé ekki um lengri dvöl en tveggja mánaða að ræða.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. desember 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.